

330. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 14. júlí 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisstjórnar, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

1. 2506017 - Klifurfélag ÍA - húsnæði og starfsemi

Umfjöllun um framtíðarhúsnæði fyrir Klifurfélag Akraness. Markmið Akraneskaupstaðar er leitast við að starfsemi aðildarfélaga Íþróttabandalags Akraness geti farið fram í íþróttamannvirkjum kaupstaðarins. Skóla- og Frístundaráð vísar málinu til Skipulags- og umhverfisstjórnar. Daníel Sigurðsson Glad, Forstöðumaður Íþróttamála og Íþróttamannvirkja fylgir málinu eftir.

Skipulags- og umhverfisstjórn samþykkir framkvæmdina fyrir sitt leyti enda leiði hún ekki til aukakostnaðar fyrir Akraneskaupstað. Hæft hefur verið samráð við Andrúum arkitekta varðandi verkið. Ekki eru gerðar athugasemdir af þeirra hálfu. Skipulags- og umhverfisstjórn vísar málinu áfram til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu. Gestir víkja af fundi.

2. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Höfðaseli. Nýtt deiliskipulag tekur til núverandi iðnaðarsvæðis ásamt nýjum lóðum á miðsvæði hverfis. Settir eru einning skilmálar um nýtingarhlutfall, starfsemi, blágrænar ofanvatnslausnir og frágang lóða.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Höfðasel verði auglýst skv. 1 mgr 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2507058 - Breyting á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 - Stækkun I-314

Minniháttar breyting á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 til samræmis við nýtt deiliskipulags Höfðasel. Svæði I-314 er stækkaður lítilliga syðst upp að Höfðaselsholti.

Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að breytingin á aðalskipulagi sé óveruleg í skilningi skipulagslaga. Málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2507008 - Fjöliðjan - nýtinga gámastofa

Kostnaðaráætlun fyrir flutning, uppsetningu og breytingar á gámum fyrir talningavél lögð fram.

Skipulags- og umhverfissráð felur verkefnastjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

5. 2502155 - Viðhald gatna og stíga 2025 - Útboð

Tilboð í viðhald gatna og stíga 2025.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að gengið verði til samninga við Prótt ehf, sem átti næstlægsta tilboð í ljósi þess að Keilir hefur fallið frá tilboði sínu.

6. 2507056 - Breyting á deiliskipulagi Semetnsreit - Djúpgámar

Breyting á deiliskipulagi Semetnsreit vegna djúpgáma, lóðarstærðum A reit og spennustöð.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að breytingin verði kynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:09.

Gutur Sveinur Guðjónsson
Anna Sólraug Smaradottir